

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 17. október 2024

Mál nr. S-2181/2024:

Ákærvaldið

(*Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Erni Steinólfssyni

(*Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson lögmaður*)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 1. október 2024, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 10. apríl 2024, á hendur Erni Steinólfssyni, kt. [...], ótilgreindu heimilisfangi, „fyrir tilraun til manndráps, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 20. janúar 2024, á akbrautinni við Hofsvallagötu í Reykjavík, stungið A, kennitala [...], með hníf í vinstri öxl og hægri síðu, með þeim afleiðingum að A hlaut opið sár á vinstri öxl, opið sár hliðlægt framanvert á brjóstakassa hægra megin og loft- og blóðbrjóst.

Telst þetta varða 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að hnífur (munur [...]) verði gerður upptækur, skv. 1. töl. 1. mgr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu A, kt. [...], er þess krafist að ákærða verði gert að greiða honum skaða- og miskabætur að fjárhæð 5.193.295 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 20.01.2024 til 09.05.2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða þóknun réttargæslumanns en verði A ekki skipaður réttargæslumaður er þess krafist að ákærða verði gert að greiða A málskostnað.

- Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins en til vara að ákærða verði ekki gerð refsing. Til þrautavara er þess krafist að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar og að fangelsisrefsing, verði hún dæmd, verði skilorðsbundin. Þá er krafist frávísunar einkaréttarkröfu en ella að hún verði lækkuð verulega. Einnig er þess krafist að málsvarnarlaun verði dæmd úr ríkissjóði.

I

Málsatvik

3. Aðfaranótt 20. janúar 2024 klukkan 03:23 barst tilkynning til neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöðvar lögreglu um að einstaklingur hefði verið stunginn með hníf á Hofsvallagötu. Tilkynnandi, B, var í stöðugum samskiptum við lögreglu úr leigubifreið sem hún og brotapolí höfðu stöðvað og farið með af vettvangi, allt þar til lögregla kom á Nesveg þar sem þau biðu. Segir í frumskýrslu að brotapolí, A, hafi komið út úr bifreiðinni sýnilega mjög kvalinn. Var hann þegar fluttur á bráðamóttöku í sjúkrabifreið sem kom um þetta leyti. Síðar hafi komið í ljós að hann hafði hlotið tvö stungusár, annars vegar á öxl og hins vegar á hægri síðu. Samkvæmt bráðabirgðavottorði læknis var um að ræða lífshættulegan áverka sem hafði m.a. valdið loftbrjósti.
4. Lögregla ræddi á vettvangi við tilkynnanda sem var í miklu uppnámi. Kvað hún ókunnugan karlmann með sítt hár og skegghafa ráðist á brotapolá að tilefnislausu úti á miðri Hofsvallagötu. Skömmu síðar var tilkynnt að aðili sem svaraði til lýsingar á meintum árásarmanni hefði verið handtekinn á gatnamótum Bræðraborgarstígs og Túngötu. Reyndist sá aðili vera ákærði Örn Steinólfsson og er ástandi hans lýst sem mjög annarlegu og að hann hafi verið reikull í spori á miðri götu. Ákærði var með áverka í hægri lófa sem voru ljósmyndaðir en gert var að sárum hans á bráðamóttöku. Í samtali við ákærða, greindi hann frá því að hann hefði orðið fyrir árás aðila sem hefði selt honum fíkniefni. Þessi aðili hefði dregið upp hníf og stungið hann í lófann. Kvaðst ákærði þá hafa dregið upp sinn hníf og varið sig. Þá kvaðst ákærði hafa verið í geðrofi alla vikuna.
5. Rannsókn fór þegar fram á vettvangi. Skóför voru í snjónum sem lágu eftir [...] við Hofsvallagötu til vesturs. Í skófarinu var merkingin „Viking“ en ákærði klæddist skóm með slíkri merkingu. Var slóð sporanna rakin og mátti sjá ummerki í snjó á miðri akbraut við umferðareyju vestan við [...]. Þar fannst einnig farsími sem reyndist vera í eigu ákærða og blóðdropar. Fylgdi lögregla skóförum og ummerkjum um blóð að [...] en skóförin lágu að íbúð í kjallara. Vitnið C, [...] íbúi í húsinu, gaf sig fram við lögreglu og var rætt við hana á vettvangi. Kvaðst hún búa á efri hæðinni með ákærða og [...] en [...] byggi á neðri hæðinni. Fram kom að [...] væru sofandi en önnur þeirra, D, hefði komið til hennar eftir að hún hafði lagst til svefns og sagt að hún hefði opnað fyrir ákærða sem hefði verið eitthvað skrytinn. Einnig kom fram hjá vitninu að ákærði hefði verið í manú í nokkra daga.
6. Við nánari athugun lögreglu mátti sjá blóð á handriði, útidyrhurð og hurðarhúni bæði innandyra og utan. Þá lágu blóðug eyrnatól við útidyrnar. Á gólfi við anddyri fannst

blóðugur hnífur, sjálfskeiðungur og reyndist blaðlengdin vera 8 cm en lengd í læstri stöðu 18,5 cm. Mesta breidd blaðs var 2,4 cm.

7. Lögregla ræddi stuttlega við brotþola á slysadeild 22. janúar sl. og lýsti hann atvikum eins og þau horfðu við honum. Þá gaf hann skýrslu hjá lögreglu 16. febrúar sl. Kvaðst hann hafa veitt ákærða eftirtekt úti á götu og haft áhyggjur af því að hann færi sér að voða. Hefðu hann og samferðakona hans gefið sig á tal við hann. Hann hefði allt í einu fundið fyrir höggi á öxl og hörfað þá frá manninum.
8. Samkvæmt læknisvottorði [...], dags. 8. apríl sl., reyndist brotþoli vera með opið sár á brjóstakassa, loft og blóðbrjóst og opið sár á öxl. Um mjög hættulega atlögu hafi verið að ræða þar sem árásarmaður náði að stinga hníf það djúpt í brjóstakassa að það olli loftbrjósti. Um hættueiginleika atlögunnar segir að tilviljun sé að hún hafi ekki endað með andláti. Ekki hafi verið gefið að hann myndi valda andláti án lækniaðstoðar en meiri líkur en minni að svo hefði verið ef lækniaðstoð hefði ekki komið til. Einfalt loftbrjóst geti valdið öndunarbílun og andláti en einnig þróast í þrýstingsloftbrjóst sem hindri blóðflæði um hjartað og orsaki hjartastopp. Reikna megi með að brotþoli hafi misst um einn lítra af blóði og enn hafi verið virk blæðing úr slagæð áður en brennt var fyrir.
9. Þrjár skýrslur voru teknar af ákærða hjá lögreglu, 20. janúar sl., 27. janúar og 9. apríl sl. Í þeirri fyrstu greindi hann frá óljósum minningum um árás manna á sig eftir að hafa haft áform um að kaupa kókaín. Hefði hann hlaupið undan þeim á Bræðraborgarstíg. Í næstu yfirheyrslu kvaðst ákærði muna eftir að hafa verið að flýja undan mönnum eða fólki upp Vesturgötu. Þá myndi hann eftir sér á Bræðraborgarstíg þar sem þar hefði verið að atast í honum og eftir það er lögreglan handtók hann. Í síðustu yfirheyrslunni vísaði hann til þess sem áður hafði komið fram.
10. Í tengslum við rannsókn málsins voru 22 sýni send til DNA-rannsóknar hjá Nationellt Forensisk Centrum í Svíþjóð (NFC), en frumrannsókn lögreglu staðfesti að blóð væri í öllum sýnum sem tekin voru. Sýnin voru af vettvangi, annars vegar tekin á Hofsvallagötu og hins vegar á [...], af hníf, fatnaði ákærða og brotþola og hársýni úr ákærða.
11. Greining á sýni sem tekið var framan á úlpu brotþola leiddi í ljós blöndu DNA-sniða frá a.m.k. tveim einstaklingum en það sem var í meirihluta var eins og DNA-snið ákærða. Það sem var í minnihluta var ekki unnt að samkenna við einstakling. Greiningar á öðrum sýnum af fatnaði brotþola leiddu í ljós að þau höfðu snið eins og brotþoli. Greining á einu sýni af hníf sem tekið var af blaði hnífsins leiddi í ljós flókna blöndu DNA-sniða

sem ekki reyndist unnt að greiða úr. Greiningar á öðrum sniðum af hníf, af vettvangi, fatnaði og hárum leiddu í ljós DNA-snið ákærða.

12. Fyrir liggur skýrsla tæknideildar vegna samanburðar ljósmynda af skóförum sem fundust á vettvangi við haldlagða skó ákærða af gerðinni Viking og með skónúmeri 41. Af skófari eftir hægri skó mátti greina lögun skósóla að fullu. Niðurstöður leiddu í ljós að veruleg líkindi voru með skósóla og þeim skóförum sem fundust á vettvangi og yfirgnæfandi líkur á að skóför hefðu verið mynduð með sams konar skóm og til rannsóknar voru.
13. Þá liggur fyrir skýrsla tæknideildar vegna rannsóknar á fatnaði brotápola sem áður er vikið að. Þar kemur fram að á úlpu brotápola hafi verið tvö göt, annað á framanverðri vinstri öxl en hitt neðarlega hægra megin. Hið fyrra hafi verið L-laga og er því nánar lýst í skýrslunni. Fram kemur að brúnir beggja gatanna hafi verið sléttar, sem bendi til þess að skurðirnir hafi verið eftir eggvopn. Framan á úlpunni innanverðri hafi verið sjáanleg tvö göt sem svöruðu til staðsetningar gata á henni utanverðri. Sams konar göt voru einnig sjáanleg á hettupeysu, langerma bol og stuttermabol. Samræmi var í staðsetningu allra gatanna á þessum flíkum og því talið að þau hefðu orðið til við sömu atlögur. Aftan á úlpunni var eitt gat ofarlega á vinstri öxl. Gatið náði ekki í gegnum efni úlpunnar og var ekki sjáanlegt að innanverðu. Brúnir gatsins voru sléttar.
14. Ekki reyndist unnt að rekja ferðir ákærða með myndefni úr eftirlitsmyndavélum í miðborginni aðfaranótt 20. janúar sl. nema að litlu leyti. Fyrir liggur upptaka úr myndavél sem staðsett er í Hafnarstræti við Fálkahúsið. Á upptökunni sést ákærði ganga suður Naustina í átt að Hafnarstræti kl. 2:52:36. Hendur hans sjást ógreinilega en hann er berhentur og virðast vera í vösum.

II

15. Undir rannsókn málsins gekkst ákærði undir geðrannsókn sem gerð var af F geðlækni, sem var dómkvaddur matsmaður 30. janúar sl. Fram kemur í matsgerð hans að viðtöl við ákærða, sem þá hafi verið í gæsluvarðhaldi hafi verið fimm. Lögð hafi verið fyrir ákærða ítarleg próf, m.a. til þess að meta greind, persónuleika, geðræn einkenni og félagslega færni. Góð samvinna hafi verið við ákærða.
16. Í geðrannsókninni er forsaga málsins rakin, heilsufars- og geðsaga og félags- og fjölskyldusaga. Þá er gerð grein fyrir niðurstöðum greindar- og geðprófa sem lögð voru fyrir hann en niðurstöður voru þær að ákærði væri eðlilega greindur og hefði engin einkenni sem bentu til sturlunar. Engin merki voru um ranghugmyndir, raddir, ofskynjanir eða hugsanatrufnanir. Hann mældist þó með mikil einkenni [...] strax á fyrsta

matsdegi en einkenni dvínuðu er á leið þó þau mætti enn merkja í lokin. Þá reyndist ákærði hafa viss einkenni sem vöktu grun um væg [...]einkenni en mætti þó útskýra vegna [...]einkenna sem hann hefði jafnframt.

17. Niðurstaðan hvað varðar geðrænt ástand ákærða á verknaðarstundu er sú að hann hafi verið hvatvís, í óminnisástandi og undir verulegum áhrifum áfengis. Sterar hafi verið líklegir til þess að gera andleg einkenni hans verri. Telur geðlæknirinn að 15. gr. almennra hegningarlaga eigi ekki við um ástand hans. Einkenni hans séu þess eðlis að þau útiloki ekki að fangelsisrefsing komi að gagni.
18. Hinn 24. apríl sl. voru G, sérfræðingur í geð- og embættislækningum, og H, sérfræðingur í klínískri sálfræði og réttarsálfræði, dómkvaddir yfirmatsmenn og þeim falið að svara tilteknum matsspurningum um geðrænt ástand ákærða. Í ítarlegri matsgerð er m.a. gerð grein fyrir bakgrunni málsins, gögnum sem fengin eru á matstíma, viðtölum við ákærða, félagslegum aðstæðum, heilsufari og geðskoðun. Þá voru lögð fyrir ákærða sálfræðileg próf og er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra.
19. Helstu niðurstöður yfirmatsmanna eru á þá leið ákærði hafi ekki sögu um alvarleg geðræn veikindi. Taugasálfræðileg frávík eru ekki talin þess eðlis að þau hafi áhrif við mat á sakhæfi. Vitsmunaproski sé innan eðlilegra marka og ekki greinist alvarleg frávík í tengslum við einhverfueinkenni eða önnur alvarleg frávík sem gætu haft áhrif á skilning hans og getu til að stjórna gerðum sínum. Hann eigi að baki sögu um misnotkun vímuefna og hafi tekið testósterón án ábendinga. Hann eigi eldri sögu um ofbeldi og persónuleikaprófíll hans bendi sterklega til frávíka í persónugerð, svo sem andfélagslegra viðhorfa, tortryggni, reiði/pírrings og mótstöðu. Þessi einkenni séu meira áberandi við inntöku áfengis og/eða vímuefna. Við handtöku hafi ákærði virkað mjög drukkinn en engin geðrofseinkenni hafi verið að finna. Það er samdóma álit yfirmatsmanna að ákærði hafi á verknaðarstundu ekki verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga. Þá er ástand ákærða ekki talið hafa verið með þeim hætti að 16. gr. laganna eigi við.

III

Skýrslutökur fyrir dómi

20. Ákærði kvaðst hafa verið heima hjá sér kvöldið fyrir atvikin og lagst til svefns ásamt C um kl. 23:00 eftir gott kvöld. Þau hefðu fengið sér lítið eitt að drekka en ekkert meira en það. Hann kvaðst síðan muna eftir sér á bar og hafði þá greinilega farið að heiman án þess að muna eftir því. Einnig kvaðst hann muna eftir því að hafa reynt að greiða fyrir eitthvað með korti en það hefði ekki gengið. Hefði hann verið á leið heim aftur þegar

ráðist var á hann. Kvaðst hann muna eftir dökkhærðum hávöxnum manni sem hefði gnæft yfir hann og ljóshærðri öskrandi konu með áberandi gullspangagleraugu. Þá myndi hann eftir því að hafa flúið undan þessu fólki. Hann hefði hlaupið og hugsað um það eitt að koma sér heim. Kvaðst hann ekki muna hvort fólkið hefði verið vopnað. Aðspurður kvaðst hann ekki muna eftir átökunum sjálfum og ekkert eftir því að hafa verið á Hofsvallagötu. Þá hefði hann af ummerkjum að dæma greinilega farið heim aftur og drukkið úr vínflösku, en farið út aftur, líklegast til að leita að símanum sínum. Hann kvaðst hvorki muna eftir því að hafa hringt né að hafa komið heim til sín og talað við D. Ákærði taldi líklegt að útlit hans hefði verið ástæða þess að á hann var ráðist. Aðspurður taldi hann að sakirnar sem á hann væru bornar væru rangar. Þá kannaðist ákærði við að hafa verið í vinnufötum og því með hnífinn eins og venjulega.

21. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um fyrirætlanir hans þetta kvöld og árás manna á hann. Kvaðst hann hafa verið í geðshræringu og því borið á þennan veg. Mögulega hefði framburður hans litast af ranghugmyndum vegna ástands hans sem hefði ekki verið gott og hausinn ekki skýr. Kvaðst hann ekki vita hvers vegna hann hefði talað um að hann hefði farið niður í bæ til þess að kaupa kókaín. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa sagt að hann hefði tekið upp hnífinn og varið sig. Taldi hann sig ekki hafa beitt hníf og stungið brotapolu heldur aðeins tekið hann upp í átökum. Taldi ákærði að hann hefði verið fórnarlamb í þessum aðstæðum.
22. Ákærði kvað minningarnar vera óskýrar og hann myndi bara eftir myndbrotum. Hann áttaði sig til að mynda ekki á staðsetningum. Hann myndi ekkert eftir því að hafa komið heim eða að hafa notað símann. Kvaðst hann þó muna eftir því að hafa verið að leita að einhverju, sennilega símanum sínum. Þegar lögreglan kom á staðinn hefði hann talið að hún væri komin til að hjálpa honum. Hann hefði verið skorinn á milli þumal fingurs og vísifingurs. Taldi ákærði líklegt að það væri varnaráverki og hann hefði gripið um hnífsblað í átökunum. Minningarnar hefðu horfið fyrst til að byrja með en síðan hefði hann horft á upptökur, farið yfir gögn og hitt sérfræðinga. Hefði hann þá munað suma hluti betur. Hann teldi sig ekki hafa verið með áverka þegar hann var í miðbænum enda hefði hann tekið eftir því þegar hann kveikti sér í sígarettu.
23. Ákærði lýsti dögnum í aðdraganda atviksins. Hann hefði verið undir miklu álagi, sofið lítið og unnið mikið. Hefði ástandið í reynd verið erfitt í svólítinn tíma og C hefði lagt að honum að leita til sálfræðings, sem hann hefði gert enda sambandið liðið fyrir þetta. Hefði hann talið hana njósna um sig og hann viljað vita hvar hún væri stödd. Þá hefðu minnisglöp gert vart við sig en almennt hefði hann haft ljósmyndaminni. Einnig hefði

ástandið komið niður á vinnu hans og ónákvæmni farið að gæta. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa áttað sig á þessum breytingum sjálfur.

24. Spurður um fíkniefnanotkun sína og notkun á testósteróni kvaðst ákærði hafa verið laus við slík efni er atvik áttu sér stað. Hann hefði notað testósterón samkvæmt læknisráði og fengið síðustu sprautu í nóvember. Hann hefði fengið testósterón til þess að vinna á [...]. Þá hefði komið fyrir að hann hefði notað kókaín við svefnleysi, nú síðast í nóvember. Hefði sálfræðingurinn ráðið honum frá því að halda slíku áfram. Ákærði kvaðst aðspurður um líðan í dag vera að „koma til baka“ smám saman og minnið sömuleiðis.
25. *Brotapoli* kvaðst hafa verið á leið heim af bekkjarskemmtun í miðbænum með vitninu B. Þau hefðu bæði verið undir áhrifum áfengis. Þegar þau voru stödd á Túngötu í grennd við Landakotsspítala og Landakotsskóla á leið inn á Hofsvallagötu hefðu þau veitt eftirtekt manni úti á götu. Hefðu þau haft áhyggjur af því að hann færi sér að voða enda voru þau að koma að beygju í götunni og þar var blint. Þau hefðu ákveðið að stansa og B talað við hann. Hefðu þau öll farið upp að gangstéttinni. Maðurinn hefði þó ekki virst svara eða samtalið verið skrytið og B því byrjað að ganga í burtu. Kvaðst vitnið hafa spurt manninn hvort hann vanhagaði um eitthvað en hann hefði ekki svarað heldur lamið hann í öxlina. Hefði vitnið ekki áttað sig á því þarna að maðurinn hefði stungið hann og spurt: „varstu rétt í þessu að reyna að lemja mig?“ Kvaðst vitnið hafa bakkað en maðurinn komið í áttina til hans. Hann hefði þá sagt honum að stoppa því að hann ætlaði ekki að slást við hann en samt hefði maðurinn haldið áfram í áttina til hans. Hann hefði ekkert sagt og brosað bara. Brotapoli hefði þá verið kominn út á miðja götu. Kvaðst hann þekkja svæðið afar vel enda starfaði hann í nágrenninu. Hefði hann því vitað að fyrir aftan hann væri hindrun og hann yrði uppiskroppa með pláss og þyrfti því að komast fram hjá mannum. Hins vegar hefði maðurinn hreyft sig þegar brotapoli hreyfði sig. Kvaðst hann þá hafa lamið manninn og höggið farið í andlit hans eða öxl, en þá hefði maðurinn nálgast hann og stungið hann í síðuna. Hann hefði ekki vitað hvers eðlis þetta var þá enda hefði hann ekki séð hann halda á hníf. Þegar maðurinn lamdi hann í seinna skiptið hefði hann hlaupið burt í átt til B sem var komin lengra. Árásarmaðurinn hefði þá hlaupið á eftir honum. Hefði hann séð þegar maðurinn datt í snjónum á umferðareyju sem skipti akreinunum. Kvaðst brotapoli hafa sagt B að hlaupa og brotapoli hefði elt. Gerði vitnið nánari grein fyrir staðsetningu sinni þegar framangreint átti sér stað. Allt hefði gerst mjög hratt. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa verið vopnaður. Brotapoli lýsti árásarmanninum svo að hann hefði verið álíka hár og hann, með sítt hár og skegg. Hann hefði talið að hann væri drukkinn enda hefði hann verið svo skrytinn. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð neina áverka á mannum enda bara horft á andlit hans.

26. Brotapoli kvaðst síðar hafa tekið eftir því að fiður kom út úr úlpunni og þá vitað að maðurinn hefði stungið sig og hefði blóð komið á hendur hans þegar hann snerti svæðið. Hann hefði beðið B að hringja eftir aðstoð en hún hefði í fyrstu ekki virst gera sér grein fyrir því sem hafði gerst. Þau hefðu hins vegar verið á hlaupum og reynt að ná áttum. Þau hefðu verið stödd við gatnamót við Hringbraut þegar þau sáu leigubifreið sem stansaði og tók þau upp í. Þar hefði verið farþegi fyrir sem bílstjórinn vildi aka fyrst heim til sín út á [...]. Hefði hann átt í orðaskaki við bílstjórann vegna þessa en hann hefði sennilega ekki áttað sig á alvarleikanum. B hefði síðan öskrað að lögreglan, sem hún var að tala við í símann, hefði gefið þeim fyrirmæli um að stansa. Skömmu síðar hefði lögreglan komið.
27. Brotapoli lýsti afleiðingum árásarinnar, bæði líkamlegum og andlegum. Þar sem hann starfaði í nágrenni við vettvang endurupplifði hann árásina reglulega. Þá fyndi hann fyrir miklu öryggisleysi. Hann hefði leitað til sjúkraþjálfara og sótt meðferð vegna andlegrar vanlíðanar. Þá gerði brotapolí frekari grein fyrir því hvaða áhrif árásin hefði haft á hann.
28. B kvaðst hafa verið með brotapolá á heimleið eftir bekkjarkvöld og þau verið stödd við Landakotsspítala þegar þau sáu mann á miðri götu. Hefðu þau ákveðið að hennar frumkvæði að benda honum á hættuna þessu samfara. Hefðu þau talað svolítið við manninn en hann verið óskýr. Kvaðst vitnið hafa fundið vonda kemíska lykt af honum. Þá hefði sér liðið óþægilega að vera á götunni og gengið svolítið áfram á meðan brotapolí talaði við hann. Hún hefði síðan snúið sér við og séð manninn sveifla höndum að brotapolá. Þeir hefðu þá verið staddir við strætóskýli á Hofsvallagötu. Hún hefði heyrt brotapolá segja „vó, vó“ eins og eitthvað virtist koma honum á óvart. Kvaðst vitnið hafa orðið mjög hrædd og gengið áfram. Hefði hún ákveðið að halda sig frá mannum því að henni hefði ekki liðið vel í návist hans. Þá hefði hún kallað til brotapolá og hann hefði komið. Nánar spurð kvaðst hún hafa upplifað það svo að brotapolí væri að reyna að forða sér frá mannum. Aðspurð kvaðst hún hafa litið við einhvern tíma og séð að maðurinn elti þau ekki. Brotapolí hefði svo sagt við hana að þau þyrftu að hlaupa og þegar þau voru komin yfir Hringbraut hefðu þau séð að úlpa brotapolá var tætt og áttað sig á því að hann hefði verið stunginn. Vitnið kvaðst ekki hafa viljað hringja á lögreglu í fyrstu og fundist aðstæðurnar „absúrd“. Þá hefði hún verið drukkinn. Síðan hefðu þau séð leigubifreið sem þau stöðvuðu og settust inn í en þar hefði verið farþegi fyrir og bílstjórinn viljað aka honum heim. Hún hefði talað við lögreglu á leiðinni sem hefði leiðbeint henni. Kvaðst hún ekki hafa gert sér grein fyrir alvarleika árásarinnar fyrr en þarna eftir á.

29. Vitnið kvað árásmanninn hafa verið með brúnt hár og skegg, í úlpu og buxum. Kvaðst hún hvorki hafa séð hann með vopn né brotaþola. Þá hefði hún ekki séð nein sár á manningnum en göngulag hans hefði ekki verið venjulegt.
30. Viðbótarskýrsla var tekin af vitninu í tilefni þess sem kom fram hjá henni í skýrslutöku sem tekin var upp á bókmyndavél lögreglumanns sem ók með hana á Hofsvallagötu. Heyrist vitnið lýsa því er hún reyndi að ræða við ákærða „sem hafi greinilega verið meiddur“. Aðspurð kvaðst vitnið ekki muna í dag hvað hún hefði átt við en ekki minnst þess að hafa séð neina áverka eða blóð. Kvaðst hún muna að ákærði hefði vagggað þegar hann gekk en ekki vita hvort hún hefði verið að vísa til þess. Vitnið staðfesti það sem eftir henni var haft í skýrslu lögreglu, að hún hefði hringt í kærastann sinn á leið sinni frá miðbænum í fylgd brotaþola og þá hefði klukkan verið rétt rúmlega 3:00 um nótt. Tíminn hefði sést á símanum hennar.
31. C, [...], lýsti atvikum svo að hún hefði haft áhyggjur af ákærða dagana á undan vegna hegðunar hans. Hefði raunar verið mikið álag á honum í nokkurn tíma og vísaði vitnið til framburðar síns hjá lögreglu um aðstæður og atvik. Á föstudeginum hefðu þau hins vegar átt ágætt kvöld. Þau hefðu drukkið rósavín og romm og farið að sofa um hálf tólf eða tólf. Kvaðst vitnið ekki hafa rumskað en hún hefði [...] eins og hún hafði gert undanfarið vegna álags. Hún hefði vaknað um klukkan hálf fimm um nóttina og ákærði hefði ekki verið í rúminu. Hún hefði leitað að honum um húsið en ekki fundið hann og því sent honum skilaboð. Hún hefði farið aftur upp í rúm en vaknað stuttu seinna við það að lögreglan kom. Kvaðst hún ekki hafa rumskað þess á milli. Hún hefði rætt við D þarna um morguninn en myndi samtalið ekki í smáatriðum enda hefðu þær verið í uppnámi. Hefði D sagt að hún hefði reynt að vekja vitnið þegar ákærði kom heim en það hefði ekki tekist og hún hefði opnað fyrir honum. Hefði D lýst ástandi hans eins og hún hefði gert áður í skýrslu.
32. Aðspurð kvað vitnið ákærða ekki hafa átt vanda til að fara út á næturnar. Hún kvað hann almennt hafa gengið með hníf þegar hann var í vinnufötunum enda iðnaðarmaður. Þegar lögreglan hefði komið heim hefði hún verið illa áttuð og strax spurt um ákærða. Þeir hefðu spurt hvort hún hefði vaknað. Þá hefði komið í ljós að D hefði opnað fyrir ákærða um nóttina. Kvaðst hún ekki hafa tekið eftir blóði inni hjá sér fyrr en lögregla benti henni á það.
33. Vitnið var spurð um ástand ákærða í aðdraganda atviksins og vísaði hún í skýrslu sína hjá lögreglu hvað það varðaði. Hann hefði ekki verið í jafnvægi, mjög stressaður og unnið mikið, sér í lagi vikuna áður, en þá hefði hann alveg misst tengsl við raunveruleikann.

[...]. Hefðu þau því leitað til sálfræðings og fengið beiðni fyrir hann til geðlæknis. Kvaðst vitnið ekki hafa áttað sig á því sem var að gerast og því verið vanmáttug í aðstæðunum.

34. *I kvaðst vera æskuvinur ákærða og hefðu þeir átt í ágætum samskiptum undanfarin ár og leitað hvor til annars. Vitnið kvað ákærða hafa átt vanda til að leita til hans þegar honum hefði liðið illa og það hefði hann gert aðfaranótt 20. janúar sl. Kvaðst vitnið ekki muna hvert hefði verið umræðuefnið en samtalið hefði verið keimlíkt mörgum öðrum þar sem ákærða hefði liðið illa og [...]. Hann hefði endað símtalið með því að segja að eitthvað hefði komið upp á og hann myndi heyra í honum aftur en hann hefði ekki hringt aftur. Næsta dag hefði vitnið tekið eftir skilaboðum á Messenger frá ákærða frá því kl. 3:00–4:00 um nótt þar sem hann sagði: „Hjálp, er heima.“ Kvaðst vitnið ekki vita hvað hann hefði átt við. Vitnið kvað ákærða bara hafa þurft að tala og það hefði ekki verið neitt nýtt að hann hefði fengið [...]. Samtöl þeirra hefðu alltaf verið á sama veg.*
35. *Lögreglumaður nr. 1 ritaði frumskýrslu málsins. Hann gerði grein fyrir aðkomu sinni og fyrstu aðgerðum en tilkynning hefði borist um hnífstunguárás. Tilkynningar hefðu borist á leiðinni og leiðin legið niður að Nesvegi þar sem brotþoli var í leigubifreið en hann hefði farið strax með sjúkrabifreið á slysadeild. Kvaðst lögreglumaðurinn hafa rætt við vitnið B sem hefði verið í miklu uppnámi. Hún hefði verið ölvuð en getað lýst því sem hún varð vitni að. Hún hefði ekki sagst hafa séð hníf í viðureign ákærða og brotþola. Þau hefðu ekið upp á Hofsvallagötu þar sem hún benti á ætlaðan brotavettvang. Við rannsókn lögreglu í kjölfarið hefðu sést ummerki í snjó á eyju á miðri götunni eftir einhvers konar átök, þá fannst blóð og farsími. Slóð hefði verið rakinn heim til ákærða en blóð, líkt og eftir minniháttar sár, hefði fundist á þeirri leið. Ekki hefði verið unnt að ræða við brotþola á slysadeild fyrst á eftir vegna ástands hans.*
36. *Lögreglumaður nr. 2 lýsti aðkomu sinni að málinu er leitað var aðila sem grunaður var um að hafa stungið annan mann. Vitnið hefði komið að handtöku ákærða á Bræðraborgarstíg en notaður hefði verið varnarúði. Hefði hann virst vera í mjög annarlegu ástandi og til að mynda ekki tekið eftir lögreglu þegar þeir óku fram hjá honum. Hann hefði verið með grunnt sár á milli fingra og sagt fólk hafa ráðist á sig. Eftir að hafa fengið aðhlyningu hefði ákærði orðið viðræðuhæfur og hefði vitnið rætt óformlega við hann á bráðamóttöku. Hefði þá komið fram að hann hefði keypt fíkniefni en dregið upp hníf til þess að verja sig.*
37. *Lögreglumaður nr. 3 kvaðst hafa verið einn þeirra lögreglumanna sem hefðu komið að málum eftir að tilkynning barst um árásina. Brotþoli hefði verið farinn af vettvangi með leigubifreið og hefði lögreglan því haldið þangað. Á sama tíma hefðu tvær sjúkrabifreiðar*

komið að. Kvaðst vitnið hafa séð þegar brotaþoli staulaðist út úr leigubifreiðinni og hélt um síðuna. Hann hefði klæðst dúnúlpu og hefði vitnið séð fjaðrir koma úr henni. Brotaþoli hefði í kjölfarið verið fluttur á bráðamóttöku en ekki hefði verið unnt að ræða við hann. Vitnið kvaðst einnig hafa farið að heimili ákærða þar sem blóðugur hnífur hefði fundist. Rætt hefði verið við vitnið C sem hefði sagt að ákærði hefði komið heim fyrr um nóttina og þá verið skrýttinn.

38. *Lögreglumaður nr. 4* gerði grein fyrir aðkomu sinni og hvernig slóð ummerkja eftir blóð og skósóla með sérkennandi merkingu lágu að húsi við [...]. Hefði þetta verið um það leyti er ákærði var handtekinn. Húsráðandi hefði opnað fyrir lögreglu. Í samtali við hana hefði komið fram að D hefði opnað fyrir ákærða og að hann hefði þá verið skrýttinn
39. *Lögreglufulltrúi nr. 5* lýsti aðkomu sinni að rannsókn málsins sem fólst einkum í því að mynda ummerki á vettvangi og á þeirri leið þar sem þau fundust. Þá hefðu ummerki verið mynduð á [...] þar sem vopn var haldlagt. Jafnframt hefðu blóðsýni verið tekin, m.a. úr snjó. Vitnið kvaðst einnig hafa myndað vettvang í björtu. Þá hefði hann myndað skófar bæði á Hofsvallagötu og við húsið á [...] en sama mynstur hefði verið á skósóla. *Lögreglufulltrúi nr. 6* staðfesti skýrslu um rannsókn vegna samanburðar ljósmynda af skóförum við haldlagða skó og gerði grein fyrir niðurstöðu hennar um að yfirgnæfandi líkur væru taldar á að skóförin hefðu verið mynduð með sams konar skóm og til rannsóknar voru.
40. *J, sérfræðingur hjá LRH*, gerði grein fyrir aðkomu sinni að málinu í tengslum við rannsókn tæknideildar. Skýrði hann rannsókn á fatnaði brotaþola og ákærða. Á fatnaði brotaþola hefðu verið göt, nánar tiltekið framan á úlpu, hettupeysu, langermabol og stuttermabol. Brúnir gatanna hefðu verið sléttar og samrýmst því að eggvopn hefði verið notað. Samræmi hefði verið í staðsetningu gatanna á öllum flíkum. Staðsetning samræmdist áverka á öxl og hægri síðu sem að mati vitnisins væri eftir tvær atlögur. Á baki úlpunnar hefði verið gat og út frá því rispa í efni úlpunnar. Gatið sem var nánast ofan á vinstri öxlinni hefði verið sambærilegt öðrum götum framan á úlpunni og einnig talið vera eftir eggvopn. Það hefði hins vegar ekki náð gegnum efni úlpunnar heldur aðeins skorið ysta lag hennar.
41. Sýni voru tekin af fatnaði brotaþola og ákærða sem gáfu jákvæða svörun við for- og staðfestingarprófi sem blóð. Gerði vitnið grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarstofu NFC sem voru þær að öll sýnin reyndust vera blóð. Í sýni sem tekið var af úlpu brotaþola hefði DNA-snið ákærða reynst vera í meirihluta en það sem var í minnihluta hefði ekki reynst unnt að samkenna við einstakling. Kvað vitnið það merkja að þarna hefði orðið

smit, þ.e. DNA frá einhverjum öðrum væri undir og það blandast saman. Það væri ekki í það miklu magni að unnt væri að samkenna það við ákveðinn einstakling. Í öðrum sýnum sem tekin voru af fatnaði brotþola hefði DNA-snið brotþola verið í meirihluta. Hvað varðaði sýni sem tekin voru af fatnaði ákærða, hári og af hníf hefðu þau öll reynst innihalda DNA-snið ákærða í meirihluta.

42. Vitnið kvað blóð hafa fundist á skefti og blaði hnífs sem rannsakaður var. Aðspurður kvað vitnið ekki hafa fundist blóð úr brotþola á hnífnum en það væri algengara en ekki að svo væri í hnífstungumálum. Hnífurinn hefði ekki verið þurrkaður en það útilokaði þó ekki að hann kynni að hafa verið notaður til að stinga með. Í einu sýni af hnífsblaði hefði komið í ljós flókin blanda DNA sem ekki hefði verið unnt að greina sérstaklega. Skýrði vitnið það nánar svo að of mikið DNA hefði fundist á þessum stað, hálfgerð „súpa“ af DNA. Ekki væri unnt að útiloka að þar hefði mátt finna DNA úr ákærða. Benti þetta til þess að fleiri en þrjár aðilar hefðu snert hnífsblaðið. Spurður um möguleika á að samkenna hníf við stungugöt kvað vitnið það ekki vera unnt eða hafa afar takmarkaða þýðingu þar sem það skipti máli hvernig hnífnum hefði verið beitt. Væri hnífurinn til að mynda dreginn til stækkaði það gatið.
43. *E lækni* staðfesti læknisvottorð sitt og gerði grein fyrir helstu atriðum þess. Kvað hann brotþola hafa greint frá því að hann hefði verið stunginn tvisvar sinnum með hníf. Við skoðun á brotþola hefði komið í ljós opið sár á brjóstakassa og opið sár á vinstri öxl. Gerði vitnið nánari grein fyrir því hvernig áverkarnir voru meðhöndlaðir en fram kom hjá vitninu að ekki hefði verið virk blæðing úr sári á brjóstakassa ólíkt því sem fram kemur í læknisvottorði um að brennt hafi verið fyrir slagæðina. Leiðrétti vitnið sig og staðfesti það sem fram kemur í læknisvottorðinu hvað þetta varðar. Um hættulega atlögu hefði verið að ræða en stungan hefði náð djúpt inn í brjóstakassa og valdið loftbrjósti. Einfalt loftbrjóst gæti valdið öndunarbílun og andláti. Áverkinn sjálfur hefði verið alvarlegur og lífshótandi í þeim skilningi að hefði ekkert verið að gert væru meiri en minni líkur á því að brotþoli hefði andast vegna blóðtaps. Þá yrði að líta til beggja þessara atriða. Vitnið kvað einhverjar líkur vera á eftirköstum, svo sem verkjum og færniskerðingu, en annað stungusárið hefði náð niður í vöðva á öxl. Þá myndi brotþoli bera varanleg ör. Aðspurður kvaðst vitnið hafa reynt að fá upplýsingar frá brotþola um það sem gerðist og skráð í vottorð. Vitnið taldi brotþola hafa verið vel vakandi og skýran en í miklu uppnámi og adrenalínflæðið mjög mikið.
44. *K sálmeðferðarfræðingur* kom fyrir dóminn og staðfesti að brotþoli hefði leitað til hans, upphaflega í tengslum við ótengt mál en síðar vegna árásar sem hann varð fyrir. Um

samtalsmeðferð hefði verið að ræða í fimm skipti sem hefði haft þann tilgang að hjálpa brotþola að takast á við það áfall sem hann varð fyrir.

45. *F, geðlæknir* og dómkvaddur matsmaður, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum matsgerðar sinnar, m.a. niðurstöðum prófa og mats á geðrænu ástandi ákærða. Vitnið kvaðst ekki hafa fundið nein geðrofseinkenni hjá ákærða, þ.e. ranghugmyndir, ofskynjanir eða nokkuð slíkt sem gæti skýrt ástand hans á verknaðarstundu. Hann hefði verið vel áttaður í viðtölum og greind mæld eðlileg. Minningar hans frá kvöldinu hefðu að vísu verið slitróttar en hann hefði sögu um að áfengi færi illa í hann. Ákærði væri auk þess með [...] sem hefði til þessa verið ómeðhöndlað og glímdu að auki við [...] og [...]. Hefði hann verið óstöðugur um haustið. Persónuleikapróf sýndu að stutt væri í ákveðna þráhyggju og tortryggni. Þá hefði vitnið látið framkvæma taugaskoðun til öryggis. Teldi vitnið því að um samspil ýmissa þátta hefði verið að ræða kvöldið er atvik áttu sér stað og atvikið að hans mati tilviljun. Fram kom hjá vitninu að ákærði hefði fengið testósteron samkvæmt læknisráði. Há gildi testósteróns í blóði hefðu vakið eftirtekt vitnisins og gerði vitnið nánari grein fyrir því en frekari rannsóknir lögju ekki fyrir og því ekki hægt að fullyrða um ástæðu þess.
46. *G, sérfræðingur í geð- og embættislækningum, og H sálfræðingur, dómkvaddir yfirmatsmenn*, gerðu grein fyrir niðurstöðu yfirmats og verkaskiptingu sín á milli. Fram kom hjá vitnunum að ekkert í sögu ákærða væri að finna svo að telja mætti að 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við um geðræna hagi hans. Fram kom hjá geðlækninum að ákærði glímdu við athyglisbrest og byggdi yfir reynslu frá æsku og uppvexti sem hefði haft áhrif á hann. Notkun á testósteróni og kókaíni hefði verið tilfallandi hjá honum í gegnum tíðina en það hefði ekki verið talið skipta máli varðandi niðurstöðu matsmanna enda lögju frekari mælingar ekki fyrir. Þá lægi fyrir að ákærði hefði fengið testósterón samkvæmt læknisráði. Ákærði ætti sögu um að hafa misst stjórn á skapi sínu. Í aðdraganda atviksins og ár á undan hefði ákærði verið mjög þreyttur og framlágur. Vanlíðan hefði verið langvarandi og togstreita í hans persónulega lífi. Vikuna fyrir atvikið hefði vanlíðan verið mikil og umrætt sinn hefði ákærði verið undir áhrifum áfengis. Skipti þá ekki öllu máli að mati vitnisins hversu mikið það magn væri heldur hvaða áhrif það hefði haft á hann í því ástandi sem hann annars var. Óminnisástand við slíkar aðstæður væri ekki óþekkt. Samspil áfengis og andlegrar vanlíðanar hefði að mati vitnisins verið líklegasta skýring á ástandi hans umrætt sinn og skýrði bæði atferli hans og minningar eftir atvikið. Framvinda eftir atvikið benti auk þess alls ekki til þess að ákærði væri haldinn geðrænum sjúkdómi, svo sem geðrofssjúkdómi.

47. Í vitnisburði sálfræðingsins kom fram að ekkert hefði mátt greina, hvorki í prófum né öðrum gögnum, sem benti til þess að ákærði hefði verið haldinn alvarlegum geðsjúkdómi. Hann hefði sýnt persónuleikabreytingar nokkrum mánuðum fyrir atvikið og verið undir miklu álagi auk þess sem svefnleysi hefði háð honum. Þetta hefði hins vegar ekki verið á því stigi að telja mætti hann ósakhæfan eða að refsing bæri ekki árangur. Ákærði hefði verið afar drukkinn umrætt sinn og það eitt og sér gæti skýrt að hann myndi ekki nema einstaka hluta atburðarásarinnar. Um samspil ýmissa þátta hefði verið að ræða, svo sem svefnvanda, streituástand, erfiðleika heima fyrir og skapgerðarvanda. Þá væri margt í hans sögu og viðhorfum sem hefði áhrif á það hvernig hann brygðist við í ákveðnum aðstæðum. Það væri þekkt að viðhorf hefðu áhrif á ákvarðanatöku og þau ýktust þegar einstaklingur væri undir áhrifum áfengis. Margir hlutir væru í ólagi hjá ákærða og breytingar hefðu orðið á skapgerð hans sem þó gerðu hann ekki óábyrgan gjörða sinna. Hann lýsti t.d. minnisleysi, streitu, tortryggni og nefndi jafnvel maníu. Hins vegar væri ekkert sem benti til þess að ákærði hefði haft nein geðrofseinkenni. Ákærði væri með mörg óljós og dreifð einkenni en flest mætti þó skýra með streitu, svefnleysi og þunglyndi en allt þetta hefði ákærði glímt við á þessum tíma. [...] hefði hann vafalaust glímt við alla sína tíð enda meðfædd t[...].
48. Fyrir dómi gaf *L lyfjafraeðingur* skýrslu en ekki þykir ástæða til þess að rekja framburð hennar fyrir dómi

IV

Niðurstaða

49. Ákærða er gefin að sök tilraun til manndráps með því að hafa aðfaranótt 20. janúar sl. stungið brotapolu með hníf í vinstri öxl og hægri síðu með þeim afleiðingum sem nánar greinir í ákæru. Háttsemin er talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
50. Ákærði neitar sök. Hann ber að mestu fyrir sig minnisleysi og kveðst aðeins geta lýst minningarbrotum án þess að geta sett þau í nokkurt rökrétt samhengi. Hann átti sig til að mynda ekki á því hvers vegna hann hafi farið að heiman um nóttina en ekkert í málinu bendi til þess að það hafi verið í glæpsamlegum tilgangi. Krafa ákærða um sýknu er í fyrsta lagi reist á því að verulegir annmarkar hafi verið á rannsókn málsins. Til að mynda hafi lögregla ekki rannsakað aðra möguleika en þann að ákærði hafi verið árásarmaðurinn. Vísar ákærði í þessu sambandi m.a. til þess að blóð brotapolu hafi ekki fundist á hnífnum sem fannst á heimili hans. Þá hafi ekki farið fram samanburðarrannsókn á götum á fatnaði ákærða og umræddum hníf.

51. Fyrir liggur í málinu að ákærvaldið hefur talið framlögð sönnunargögn nægileg til að meta skilyrði málshöfðunar og lagt grundvöll málsins með útgáfu ákæru, sbr. 1. mgr. 53. gr., 1. og 2. mgr. 57. gr., 145. gr. og 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá liggur fyrir af rannsóknargögnum, sem m.a. samanstanda af skýrslum ákærða, brotþola og vitnis á vettvangi, gögnum frá tæknideild, upptökum af símtali til neyðarlínu og matsgerðum, að þau lágu í meginatriðum til grundvallar útgáfu ákæru. Af þessu má ljóst vera að rannsókn á hníf ákærða og fatnaði brotþola var aðeins eitt þeirra atriða sem lá til grundvallar ákvörðun um málshöfðun. Hafa ber í huga að í sumum málum þar sem ákært er fyrir viðlíka brot og í máli þessu er vopn ekki meðal rannsóknargagna. Veltur því niðurstaða máls á því hvort sakir verða sannaðar á grundvelli þeirra sönnunargagna sem liggja fyrir í málinu.
52. Ákærði ber ekki á móti því að hann hafi verið sá aðili sem var staddur við Hofsvallagötu umrætt sinn og brotþoli og vitnið B gáfu lýsingu á. Þá rengir hann ekki rannsóknargögn málsins er varða rannsókn á ummerkjum á vettvangi og slóð blóðs og skófara sem rakin var að heimili hans, svo og niðurstöður DNA-rannsóknar sem áður er gerð grein fyrir. Þá kannast ákærði við hnífinn sem fannst með blóði hans á heimilinu sem sinn. Dómurinn telur sannað með vísan til framangreinds og annarra gagna málsins að ákærði hafi verið sá aðili sem um ræðir og brotþoli átti í kjölfarið í snarpri viðureign við. Útlit ákærða var sérkennandi og samræmdist þeirri lýsingu sem vitnin gáfu á árásarmanninum.
53. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn málsins. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Jafnframt metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls. Skal meðal annars hugað að afstöðu vitnis til ákærða, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn, sbr. 126. gr. laganna.
54. Ákærði hefur, eins og áður greinir, borið fyrir sig minnisleysi sem hann sjálfur tengir ekki eingöngu við áfengisneyslu. Framburður hans um atvik hefur ekki verið stöðugur og á köflum mjög óljós og brotakenndur en ákærði kveður ástand sitt umrætt sinn og fyrst eftir handtöku skýra það. Þá hafi ýmislegt rifjast upp fyrir honum þegar frá leið og hann ræddi við sérfræðinga og kynnti sér gögn máls.
55. Fyrsta frásögn ákærða er í óformlegu samtali við lögreglu á bráðamóttöku eftir handtöku hans á Bræðraborgarstíg kl. 3:50. Greindi ákærði þá svo frá að hann hefði orðið fyrir árás og að hann hefði flúið nokkra aðila slasaður eftir viðureignina. Tengdi hann það þeirri

ætlun sinni að kaupa kókaín á tilteknum skemmtistað í miðbænum. Hefði sér fundist hann vera á flóttu undan einhverjum. Þá kvaðst hann muna eftir því að hann hefði dregið upp hníf eftir að hafa verið stunginn í lófann. Ákærði bar í meginatriðum á sama veg hvað þetta varðar í skýrslutöku sama dag kl. 11:58. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem varpa frekara ljósi á þetta annað en að ákærði ræddi í tæpan hálf tíma í síma við vitnið I, eða frá kl. 1:23:51. Vitnið bar um að ákærði hefði slitið símtalinu með þeim orðum að eitthvað hefði komið upp á. Eftir það sést virkni með rafrænum skilríkjum. Þá varpa upptökur úr miðbænum ekki ljósi á atvik en þar sést ákærði á gangi suður Naustina.

56. Í skýrslutöku af ákærða 27. janúar sl. kvaðst hann muna eftir sér í bænum en ekki við Hofsvallagötu. Lýsti hann myndbrotum er hann var að flýja upp Vesturgötu en einnig er hann var á Bræðraborgarstíg og þar að atast í honum. Þá myndi hann eftir sjálfum sér útötuðum í blóði, skornum og hjálpar þurfi.
57. Í skýrslu sinni fyrir dómi skýrði ákærði svo frá að hann myndi vel að á hann hefði verið ráðist á Hofsvallagötu án þess að geta gert grein fyrir árásinni sjálfri. Hefði hann gripið til hnífsins til þess að verja sig eftir að hafa hlotið áverka sjálfur. Taldi hann að fyrri frásögn hans ætti ekki við rök að styðjast.
58. Dómurinn telur skýringar ákærða á breyttum framburði ekki standast og hafa yfirbragð skýringa sem ákærði leitar að eftir á og tengir við það atvik sem hér um ræðir. Skýrsla ákærða hjá lögreglu 20. janúar sl. er tekin upp í hljóði og mynd. Ákærði svarar þar spurningum skilmerkilega og eru engin sjáanleg merki um uppnám eða ruglástand. Sú frásögn tók breytingum er frá leið og gaf ákærði m.a. þær skýringar í skýrslutöku 27. janúar sl. að hann hefði í fyrstu átt erfitt með að greina í sundur það sem var raunverulegt og það sem ekki var það. Lýsing ákærða á minningum sínum nú virðist sama marki brennd og rýrir það sönnunargildi framburðar hans í öllum aðalatriðum enda í andstöðu við vitnisburð og önnur rannsóknargögn málsins.
59. Til þess er að líta að vitnisburður brotþola og B hefur verið stöðugur í öllum meginatriðum og samrýmanlegur. Samskipti B við neyðarlínu og Fjarskiptamiðstöð lögreglu áttu sér stað í beinu framhaldi af atvikum eftir að vitnin höfðu náð áttum. Má þar heyra í brotþola í bakgrunn sem segir ítrekað að hann hafi verið stunginn. Eftir að vitnið sá hversu mikið ákærða blæddi komst hún í mikið uppnám eins og glögglega heyrir á upptökunni. Framburður vitnanna beggja er að mati dómsins afar trúverðugur og ýkjulaus um atburðarásina alla. Þykir upptakan styðja framburð þeirra um það hversu óviðbúin þau voru þeirri alvarlegu árás sem brotþoli varð fyrir. Sú ákvörðun þeirra að yfirgefa vettvang í leigubifreið verður að teljast ósjálfráð og er ekki til þess fallin að rýra

sönnunargildi framburðar þeirra. Þá er ekkert annað fram komið í málinu sem þykir rýra sönnunargildi hans.

60. Ákærði reisir kröfu um sýknu á sjónarmiðum um neyðarvörn og vísar til þess að hann hafi verið með áverka á hendi sem geti vel samrýmst því að hann hafi gripið um hnífsblað til að verjast yfirvofandi árás. Undir þessum kringumstæðum geti það ekki hafa verið ásetningur ákærða að bana brotaþola enda ekki ætlun hans að lenda í átökum. Í málinu liggur ekkert fyrir sem gefur nokkra ástæðu til að ætla að brotaþoli eða B, annað eða bæði, hafi ráðist á eða að ákærða með eggvopni og þannig verið tilefni fyrir hann til þess að grípa til varna. Hefur ákærði ekki haldið því fram að hann hafi séð brotaþola með eggvopn. Brotaþoli hefur borið að hann hafi slegið frá sér eftir að ákærði veittist að honum fyrst. Lýsing hans er skilmerkileg og trúverðug og fær að hluta til stoð af vitnisburði B um viðbrögð brotaþola. Ákærði ber hins vegar fyrir sig minnisleysi um átökin sjálf og það sem gerðist fyrst á eftir. Því er ekki unnt að útiloka að ákærði hafi hlotið áverkana, sem óumdeilt er að hafi verið eftir eggvopn, með öðrum hætti. Verður ekki fallist á með ákærða að skilyrði neyðarvarnar samkvæmt 12. gr. almennra hegningarlaga um að hann hafi verið að verjast og afstýra yfirvofandi árás hafi verið uppfyllt.
61. Samkvæmt þessu leggur dómurinn til grundvallar framburð brotaþola um atburðarásina á Hofsvallagötu sem fær stoð af öðrum gögnum málsins. Telur dómurinn sannað að ákærði hafi veist að brotaþola með þeim hætti sem greinir í ákæru og hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi beitt hnífnum sem hann bar á sér og síðar fannst á heimili hans. Það eitt og sér að ekki hafi fundist blóð úr brotaþola á hnífsblaðinu er ekki sönnun þess að honum hafi ekki verið beitt, eins og sérfræðingur tæknideildar bar um. Fyrir liggur að brotaþoli hlaut áverka eftir hníf og staðfesti læknir á bráðamóttöku sem meðhöndlaði brotaþola að áverkarnir samræmdust hnífstungu og að áverkarnir hefðu að hluta til borið það með sér að brotaþoli hefði verið stunginn af miklu afli.
62. Dómurinn leggur til grundvallar að ásetningur ákærða hafi kviknað er hann lagði til brotaþola sem gerði tilraun til að verja sig áður en ákærði lagði til hans að nýju og þá í hægri síðuna. Þegar litið er til áverka voru hættueiginleikar þeirrar stungu mun meiri og meira afli beitt. Ummerki á fatnaði brotaþola bera með sér að hnífnum hafi verið beitt oftast en tvisvar sinnum þó að skurður aftan á úlpu hafi ekki náð í gegnum fatnað brotaþola. Þá báru brotaþoli og vitnið B að ákærði hefði elt þau en dottið. Af framangreindu er ráðið að ásetningur ákærða var styrkur og einbeittur þó að ástand hans megi öðrum þræði skýra með tilliti til áfengisáhrifa. Leysir það hann þó ekki undan refsíabyrgð, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga. Hlaut ákærða að vera ljóst að bani gæti

hæglega hlotist af háttsemi hans. Með vísan til læknisfræðilegra gagna og vitnisburðar læknis var hending ein að ekki fór verr hvað varðar stungu í brjóstakassa en sá áverki var lífshættulegur og olli loftbrjósti. Með vísan til framangreinds verður ákærði sakfelldur fyrir tilraun til manndráps með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru og er háttsemin rétt heimfærð undir 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

V

63. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Eins og fram er komið sætti ákærði geðrannsókn undir rannsókn málsins og aftur undir meðferð málsins fyrir dómi svo unnt væri að leggja mat á það hvort 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ættu við um hans geðrænu hagi á verknaðarstundu. Fjallað er um niðurstöður matsgerða í kafla II.
64. Ákærði krefst sýknu á þeim grunni að hann hafi verið alls ófær að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu sökum óútskýrðs geðræns ástands, sbr. 1. mgr. 15. gr. almennra hegningarlaga, sem hafi þau áhrif að honum verði ekki refsað. Verði ekki á það fallist krefst ákærði sýknu á þeim grunni að svo hafi verið ástatt um hann á verknaðarstundu sem getur í 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga og að refsing geti því ekki borið árangur.
65. Fyrir liggur í gögnum máls að ákærði var undir áhrifum áfengis en í blóði mældust 1,54% en sýnið var tekið kl. 05:42 aðfaranótt 20. janúar sl. Í málinu er ekki til að dreifa samtímagögnum, svo sem upplýsingum úr sjúkraskrá eða vottorði fagaðila, sem varpað geta ljósi á geðrænt ástand ákærða í aðdraganda atburða. Ákærði, [...] og vitnin C og I hafa þó lýst mikilli vanlíðan og ákveðnum einkennum sem tóku sér bólfestu í ákærða. Ekki eru efni til að efast um að andlegt ástand ákærða fór versnandi og voru áform um að hann fengi frekari hjálp eins og rakið er í framangreindum matsgerðum.
66. Ákærði og vitnið C hafa bæði borið um að kvöldið fyrir atvikið hafi verið ánægjulegt. Þeim ber ekki saman um hve mikils áfengis þau neyttu en engir árekstrar urðu þeirra á milli. Þessa nótt átti ákærði tæplega hálf tíma samtali við vitnið I kl. 1:23:51 en samtalið var að sögn vitnisins ekki frábrugðið öðrum símtölum er ákærði þurfti að tala um líðan sína. Einnig liggja fyrir upptökur sem teknar eru upp á búkmyndavél lögreglu við handtöku ákærða á Bræðraborgarstíg en þá var ástandi ákærða lýst sem annarlegu og hann reikull í spori. Eins og fram kemur í gögnum og skýrslu lögreglumanns nr. [...] bráði fljótlega af ákærða eftir að á bráðamóttöku var komið en skýrsla af ákærða þennan morgun er á meðal gagna í hljóði og mynd. Þar lýsir ákærði ástandi sínu m.a. þannig að hann hafi verið „bara fullur“ og með „blackout“.

67. Fyrir dóminn komu dómkvaddir matsmenn og yfirmatsmenn, tveir geðlæknar og sálfræðingur og staðfestu matsgerðir sínar og gerðu grein fyrir niðurstöðu sinni. Þeir hafa borið á sama veg um að geðrænu ástandi ákærða hafi ekki verið svo háttáð að hann uppfylli þau ströngu skilyrði sem gerð eru til stigs andlegs annmarka til þess að ástand leiði til refsileysis. Engin merki hafi verið um einkenni geðrofs, ranghugmynda, rugls eða ofskynjana heldur var ástand hans rakið til annarra samverkandi ástæðna. Þá töldu þeir ástand ákærða ekki hafa verið með þeim hætti að uppfyllt væru skilyrði 1. mgr. 16. gr. almennra hegningarlaga og sé því ekkert sem standi því í vegi að refsing geti borið árangur.
68. Með vísan til framangreinds, þess sem fram er komið og liggur að hluta til fyrir í gögnum um ástand ákærða í aðdraganda og eftir brotið, telur dómurinn að skilyrði 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga geti ekki átt við um ákærða. Telst hann því hafa verið sakhæfur á verknaðarstundu og að geðrænu ástandi hans sé ekki svo háttáð að refsing geti ekki borið árangur.

VI

69. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 10. apríl 2024, á ákærði nokkurn sakaferil að baki. Hinn [...] 2014 var hann dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til 12 mánaða fangelsisvistar, þar af voru níu mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára, fyrir brot gegn 2. mgr. 218 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981. Hinn [...] 2015 var ákærði dæmdur í Hæstarétti til 15 mánaða fangelsisvistar fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var honum þá jafnframt gerður hegningarauki og var skilorðshluti fyrrnefnds dóms frá 2014 dæmdur upp og refsing fyrir bæði brot ákvörðuð í einu lagi. Hinn [...] 2021 gekkst ákærði svo undir lögreglusátt fyrir brot gegn ýmsum ákvæðum umferðarlaga og laga um ávana- og fíkniefni og var gert að greiða 515.000 króna sekt og sæta sviptingu ökuréttinda í 18 mánuði.
70. Við ákvörðun refsingar er litið til atvika en ákærði réðst að tilefnislausu á brotþola á förnum vegi. Fór betur en á horfðist þar sem brotþoli og samferðakona hans komu sér undan. Þrátt fyrir að ákærði hafi verið hreinskilinn í frásögn sinni um vaxandi andlega vanlíðan sína og aðra persónulega hagi hefur hann ekki sýnt merki iðrunar að neinu marki. Kann það að skýrast að nokkru af því sem fram kemur í matsgerð, að hann trúir í reynd ekki að hann hafi framið brot sem þetta, en einnig getur það átt sér skýringar í persónugerð hans. Ákærði hefur áður gerst sekur um ofbeldisbrot og er því fær um ofbeldisverk við tilteknar aðstæður. Ítrekunaráhrif dómanna eru fallin niður, sbr. 3. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þá er til þess að líta að í dómaframkvæmd hefur við

sakarmat verið litið svo á að hafi ákærði áður gerst sekur um samkynja brot yrði sakfelling af einu broti ekki notuð til sönnunar um sök af öðru, heldur sæti sjálfstæðu mati. Á hinn bóginn getur þetta gefið vísbendingar um hvatir. Til hliðsjónar er vísað til dóms Hæstaréttar 15. október 2020 í máli nr. 16/2020. Til þyngingar horfir að atлага ákærða var alvarleg þar sem hættulegu vopni var beitt ítrekað. Vísast til 1., 2., 3., 5., 6., 7., og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

71. Lágmarksrefsing fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga er fangelsi í fimm ár. Refsimörk fyrir tilraun eru alla jafna þau sömu og fyrir fullframið brot. Dómurinn hafnar því með vísan til þess sem rakið er um atvikið sjálft og huglæga afstöðu ákærða að til álita komi að beita 3. mgr. 218. gr. c í sömu lögum. Að mati dómsins er ekkert fram komið sem horfir ákærða til málsbóta. Þykir hæfileg refsing hans vera fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt óslitið allt frá 20. janúar 2024, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.
72. Fallist er á kröfu um upptöku hnífs (munur [...]) sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a í almennum hegningarlögum.
73. Brotapoli á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun fjárhæðar bóta er litið til læknisvottorðs sem áður er gerð grein fyrir. Brot ákærða var, þegar litið er til líkamlegra afleiðinga árásarinnar svo og allra aðstæðna, til þess fallið að valda brotþola miklu áfalli og þar með miska. Hefur brotþoli lýst því hvernig áhrifanna gætir enn. Höfð er hliðsjón af vottorði sálmeðferðarfræðings og sjúkraþjálfara sem og vætti þess fyrrnefnda sem staðfesta að brotþoli hefur þurft á stuðningi að halda, bæði andlegum og líkamlegum. Þykir fjárhæð miskabóta sem ákærði verður dæmdur til að greiða brotþola hæfilega ákveðin 2.000.000 króna.
74. Krafa um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sjúkraflutnings og komu á Landspítalann að fjárhæð 29.905 krónur er studd fullnægjandi gögnum og verður á hana fallist. Þá krefst brotþoli samtals 79.652 króna vegna vottorða sálmeðferðarfræðinga. Tvö vottorð voru rituð í tilefni þess að brotþoli fór fram á að ákærði viki úr dómsal á meðan hann gæfi skýrslu. Ákærði hafnaði beiðninni en við aðalmeðferð málsins féllst hann á að víkja úr sal af sjálfdáðum. Tilefni var til að óska eftir vottorðunum. Slík vottorð teljast til sakarkostnaðar samkvæmt 233. gr. laga nr. 88/2008 en krafist er hóflegrar greiðslu.
75. Brotþoli gerir kröfu um munatjón en í málinu liggja fyrir ljósmyndir sem sýna að fatnaður brotþola var ónýtur eftir árásina. Ekki liggja fyrir gögn sem sýna hvað nýr

hlutur sömu tegundar kostar en einn reikningur var lagður fram. Bætur eru metnar að álitum 60.000 krónur.

76. Einkaréttarkrafa brotaþola ber vexti eins og nánar greinir í dómsorði en dráttarvextir reiknast frá 15. maí 2024 er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu sem var við birtingu fyrirkalls.
77. Eftir úrslitum málsins verður ákærða gert að greiða allan sakarkostnað, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, samtals 9.329.084 krónur sem sundurliðast á eftirfarandi máta. Ákærða ber að greiða málsvarnarlaun verjanda síns, Vilhjálms Hans Vilhjálmssonar lögmanns, 3.500.000 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Agnars Þórs Guðmundssonar lögmanns, 1.474.980 krónur. Ákærði greiði 4.354.104 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðum sakarkostnaðaryfirlitum. Við ákvörðun þóknana lögmannna er litið til eðlis og umfangs málsins, m.a. vegna vinnu á rannsóknarstigi og þess sem upplýst er um vinnuframlag þeirra. Þá er hliðsjón höfð af reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2024, sbr. 3. mgr. 38. gr. laga nr. 88/2008. Verjandi lagði ekki fram sundurliðaða tímaskýrslu en upplýsti dóminn um og afhenti gögn sem sýna að þegar hafa verið inntar af hendi ríflegar greiðslur af hálfu ákærða vegna vinnuframlags verjandans. Þær greiðslur eru umfram þau málsvarnarlaun sem honum eru hér ákvörðuð. Þar sem þau hafa þegar verið greidd verður ekki kveðið á um greiðsluskyldu framangreindrar fjárhæðar málsvarnarlauna í dómsorði.
78. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Fanney Björk Frostadóttir aðstoðarsaksóknari.
79. Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

Dómsorð:

Ákærði, Örn Steinólfsson, sæti fangelsi í sex ár. Til frádráttar refsingunni kemur óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 20. janúar 2024.

Ákærði sæti upptöku á hníf (mun [...]).

Ákærði greiði A 2.169.557 krónur ásamt vöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. janúar 2024 til 15. maí 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði þóknun réttargæslumanns brotaþola, Agnars Þórs Guðmundssonar lögmanns, 1.474.980 krónur, og 4.354.104 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted